

Íbúaráð Breiðholts 6. desember 2023: Tillaga fulltrúa Samfylkingar í íbúaráði Breiðholts um öruggari tengingu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur yfir Skógasel og við íþróttamannvirki ÍR MSS23110167

Lagt er til að íbúaráð Breiðholts beini því til umhverfis og skipulagsráðs að kortleggja betur öryggi barna og vegfarenda sem notast við strætó og þeirra sem hjóla og ganga inn til íþróttæfinga frá Skógarseli, í kjölfarið yrði gripið til nauðsynlegra aðgerða til að auka öryggi vegfarenda. Þetta yrði gert bæði til skemmri tíma, meðan framkvæmdirnar við Skógarsel eru yfirstandandi, og til lengri tíma inn á og á bílastæðum við íþróttamannvirki ÍR. Lagt er til að kortlagning fari fram í samráði við forsvarsmenn strætó og ÍR.

Greinargerð:

Vegna framkvæmda hefur stoppistöð strætó upp Skógarsel til suðurs verið færð norðar og er staðsett við gangbraut er liggur við innkeyrslu inn á bílastæði ÍR. Borið hefur ítrekað við að börn, sem fara úr strætó í strætóskýli undir Ystaseli 21 þveri Skógasel strax þrátt fyrir að stoppistöðin sé lokuð án þess að gera sér grein fyrir hættunni sem kemur frá umferð upp Skógarseli til suðurs. Þar er þverun með hraðahindrunum og lýsingu en vill íbúaráðið að umhverfis- og skipulagsráð skoði möguleikann á því í samtali við Strætó hvort hægt sé að tryggja betra öryggi barna með merkja sebramerkja götuna við þverunina eða hvort fýsilegt sé að færa stoppistöðuna neðar í brekkuna nær gangbrautinni fyrir framan ÍR til að koma í veg fyrir að börnin taki á rás yfir götuna þegar þau stíga úr strætó.

Þegar nýji hjólastígurinn undir Þverárseli verður tekin í notkun þarf að huga að hvernig hægt er að tryggja betur öryggi gangandi og hjólandi sem koma yfir innkeyrsluna inn á bílastæði ÍR. Vegna framkvæmda við gangbrautina vaða vegfarendur um bílastæði við ÍR og eða flæða þvert yfir innkeyrsluna yfir inn á bílastæðið sem er ekki nægilega vel upplýst.

Aðrar framkvæmdir eru á göngustíg frá gangbrautinni þar sem bráðabirgðastoppistöðin er staðsett sem bæði er illa upplýst og bæði hjólandi og gangandi freistast til að ganga á götunni til að komast til æfinga. Mjög mikil umferð er um Skógarselið inná bílastæðið, oft of hröð, lýsingu er ábótavant og þarf að tryggja betur sýnileika vegfarenda sem koma hjólandi eða gangandi inn á svæðið sérstaklega á meðan framkvæmdum stendur.